

Fundargerð Skólanefnd

15.fundur skólanefndar Skútustaðahrepps haldinn í Reykjahlíðarskóla 1.október 2012.

Mættir: Þuríður Helgadóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Friðrik Jakobsdóttir.

Þóra Óttósdóttir sat lið 2. Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir sat lið 3 og Sólveig Jónsdóttir og Auður Jónsdóttir lið 4.

1. Formaður bauð fundarmenn velkomna bað um sjálfbóðaliða sem fundarritara sem endaði á hendi formanns.
2. Leikskólinn Ylur. Þóra sagði frá því að 16 börn eru í skólanum í vetur. Hulda Harðardóttir hefur sagt upp störfum og er hætt. Leikskólakennari hefur verið ráðin í hennar stað, Sigríður Guðjónsdóttir frá Húsavík. Auk leikskólakennaramenntunar er hún með sérkennslumenntun. Einu sinni í viku kemur tónlistakennari í leikskólann. Búið er að sækja um íþróttahús en ekki hefur fengist svar við því. Skólanefnd leggur til að sveitastjórn gangi í málið sem fyrst og finni tíma handa leikskólabörnunum í vetur. Regluleg hreyfing og efling hreyfiþroska barna er mikilvæg í skólastarfi á hvaða skólastigi sem er. Lóðin er orðin hættulaus en ekki fullfrágengin.
3. Hjördís gerði grein fyrir starfi tónlistaskólans. 17 nemendur eru skráðir í skólann. Auk hennar kemur einn kennari frá Húsavík, Bóas Gunnarsson, og kennir hann á gítar, bassa og trommur ásamt því að vera með hóptíma. Hún mun kenna á píanó, söng og tónmennt. Báðir kennarar verða með hóptíma, kóra og hljómsveit(ir).
4. Sólveig gerði grein fyrir starfi Reykjahlíðarskóla. 41 nemandi er við skólann í vetur í 4 námshópum. Davíð Örvar Hansson hefur verið ráðinn stuðningfulltrúi ásamt Ásdísi Illugadóttur. 6 kennarar eru við skólann í vetur. Þuríður Helgadóttir, smíðakennari, og Bjarni Páll Vilhjálmsson, íþróttakennari, hafa verið ráðnir til áramóta en þá kemur Soffía Björnsdóttir aftur til kennslu eftir barnsburðarleyfi. Danskennsla verðu í næstu viku fyrir allan skólann og tvo elstu árganga leikskólans. Austurríkisferð er í skoðun og þá hvort hreyfa þurfi til dagskrá skólans vegna þess. Vinna við námsmat samkvæmt nýju námskránni er í gangi. Skólanámskráin er ekki komin inn á heimasíðuna.
5. Skólastefna sveitafélagsins. Friðrik kemur með uppkastið á næsta fund til yfirlstrar.
6. Önnur mál. Formaður lagði til að fundartími og fundardagur verði eins og undanfarin tvö ár þ.e fyrsta mánudag í mánuði kl.15:30.

Fleira ekki bókað og fundi slitið, Þuríður Helgadóttir.